

Ed.

509. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og lög nr. 114 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 14. gr. l. nr. 98 1940 (áður 11. gr.) komi 6 nýjar greinar svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkv. því):

- a. (15. gr.) Jarðboranir, er ná dýpra en 10 metra, má eigi framkvæma án leyfis ráðherra. Skal leyfi til þeirra eigi veitt, ef hætta þykir á því, að með því sé spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, er þegar er hafin, eða hagnýtingu jarðhita þar síðar meir, enda sé þessi hagnýting jarðhitans að mun verðmeiri en sú hagnýting, sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.
- b. (16. gr.) Nú valda jarðboranir öðrum mönnum tjóni, svo sem því, að jarðhiti minnkar í fasteign annars manns, og er þá þeim, er framkvæma lætur jarðborunina, skylt að bæta það tjón. Ef ástæða þykir til að ætla, að tjón það, er jarðborun hefur í för með sér, sé mun meira en hagnaður sá, sem af henni verður, má krefjast þess, að hætt sé við borunina og öllu komið í samt lagt og áður, eftir því sem unnt er.
- c. (17. gr.) Við allar jarðboranir dýpri en 10 m skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna og hve mikið, svo og hvað annað, sem ráðherra fyrirskipar að færa í dagbók.
- d. (18. gr.) Eigandi jarðhita, sem telur hættu á því, að jarðhiti hans hverfi eða minnki við jarðboranir hjá öðrum, getur krafizt þess, að honum sé tilkynnt, þegar er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu, svo að honum gefist kostur á að ganga úr skugga um, hvort breyting hafi orðið á jarðhita hans, enda tilkynni hann hinum þegar, ef svo er.
- e. (19. gr.) Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.
- f. (20. gr.) Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra lögreglumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.